

Akranes, 21. júní 2017

**Efni: Beiðni um styrk vegna ljósmyndasýningar**

Sumarið er tíminn og írskir dagar nálgast. Í svolítinn tíma hef ég gengið með þann draum í maganum að halda glæsilega ljósmyndasýningu á myndum mínum.

Sumarið er skemmtilegur tími og nú þegar styttist í írsku daga langar mig að gera allt til þess að láta draum minn verða að veruleika, geta boðið heimamönnum ásamt gestum að njóta ljósmynda minna. Mig langar til þess að halda sýningu með 30-50 skemmtilegum og fjölbreyttum ljósmyndum, en það sem hindrar mig í því er því miður fjármagn. Af þeirri ástæðu ákvað ég að leita til ykkar, Akraneskaupstaðar, í þeirri von um að við gætum e.t.v. fundið grundvöll til einhvers konar samvinnu. Hugmynd mín er að fá aðstoð/fjármagn frá ykkur til að geta prentað ljósmyndirnar og opnað sýningu, sem allra fyrst, en á móti fengi Akraneskaupstaður myndir hjá mér, hvort sem það væri af sýningunni eða myndir sem gætu nýst á annan hátt.

Það væri gaman að heyra frá ykkur hvað ykkur finnst varðandi þessa hugmynd mína.

Með kveðju og von um jákvæð viðbrögð,

Finnur Andrésson, áhugaljósmyndari

gsm – 857 2340